

4.fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn miðvikudaginn 27.apríl 2022, kl.14:00 á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði.

Mætt eru Arinbjörn Bernharðsson Norðurfirði, Bjarnheiður J. Fossdal Melum 1, Björn G. Torfason Melum 1, Úlfar Eyjólfsson Krossnesi og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík.

Oddviti ritar fundargerð.

Dagskrá fundarins:

1. Ársreikningar sveitarfélagsins fyrir árið 2021, seinni umræða.
2. Kjörskrá fyrir kosningar 14.maí 2022.
3. Eldvarnaeftirlit, Eldstoðir ehf. hafa gert sveitarfélaginu tilboð varðandi þjónustu er lýtur að eldvarnaeftirliti.
4. Önnur mál.

1.Ársreikningar sveitarfélagsins fyrir árið 2021, seinni umræða. Halldóra Pálsdóttir hjá Kpmg er með á fundinum í síma og fer yfir m.a. Endurskoðunarskýrslu ársreikninga. Engar athugasemdir voru gerðar af hálfu hreppsnefndar og lauk þar með síðari umræðu um Ársreikninga Árneshrepps vegna ársins 2021. Hreppsnefnd samþykkti þar með ársreikninginn og undirritaði hann.

2.Kjörskrá fyrir kosningar 14.maí 2022. Lögð fram til kynningar. Athuga þarf hvort kjörskrá getur legið frammi í kjörklefa á kosningadeginum.

3.Eldvarnaeftirlit, Eldstoðir ehf. hafa gert sveitarfélaginu tilboð varðandi þjónustu er lýtur að eldvarnaeftirliti. Hreppsnefnd ræddi möguleikana á að kaupa slökkvibíl og dæluútbúnað og verða ákvarðanir teknar um málið fljótlega. Samþykkt var að taka tilboði Eldstoða ehf.

4.Önnur mál:

a)Bréf frá Mast vegna fuglaflensu á Íslandi. Bréfið var tekið fyrir og ákveðið að hengja upp upplýsingarnar hjá Verzlunarfjelagi Árneshrepps þannig að sem flestir geti kynnt sér málið.

b)Tölvupóstur frá EBÍ varðandi umsóknarfrest í Styrktarsjóði EBÍ. Hreppsnefnd ákvað að sækja um styrk til að rampa húsnæði í eigu hreppsins.

c) Ákveðið var samkvæmt uppástungu að skrifa Vegagerðinni bréf varðandi

áframhald undirbúningsvinnu eftir Veiðileysuháls áfram í Norður fjörð.

267.

d)Einnig var ákveðið að skrifa aðilum sem haft geta áhrif á áframhaldandi góða vinnu varðandi ljósleiðara- og þrífösunarverkefnið sem byrjað var á árið 2021.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:00.